

40
14. marz

Stjórn rafmagnsveitunnar er heimilt að takmarka raforkusölu eftir þessum gjaldskrárlið, ef nauðsynlegt reynist til þess að draga úr orkunotkuninni. Slíka takmörkun má framkvæma með því að lækka stillingu hemlanna almennt og synja nýjum notendum um orkukaup um hemla.

C. Vélanotkun.

Um kwst.mæli á 85 aura hverja kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan nýtingartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds kr. 140.00.

D. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa og annarra slíkra staða um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttegn.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 12 aura hverja kwst., enda sé straumurinn þá rofinn með klukkurofa frá kl. 8.30 til 23 eða um tvígjaldsmæli á 12 aura hverja kwst. frá kl. 23 til 8.30 og á 70 aura frá kl. 8.30 til 23.
4. Til götulýsingar á 70 aura hverja kwst. og annast rafmagnsstöðin þá rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla aðra raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár skal selja eftir gjaldskrárlið A. Þegar sérstaklega stendur á, getur stjórn rafmagnsstöðvarinnar þó selt raforku eftir sérstökum samningi, en eigi lengur en til eins árs í senn.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 14. marz 1959.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

41
20. marz

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Fellsstrandar.

1. Félagið heitir Veiðifélag Fellsstrandar. Heimili þess og varnarþing er á Staðarfelli í Fellsstrandarhreppi.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Kjarlaksstaðaá, Tungná og Flekkudalsá, en þær eru: 1. Kjarlaksstaðir, 2. Ytrafell, 3. Harastaðir, 4. Staðarfell, 5. Túngarður, 6. Hallsstaðir, 7. Svinaskógur, 8. Orrahóll, 9. Stóra-Tunga, 10. Litla-Tunga, 11. Stóri-Galtardalur, og 12. Grund.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö

ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfund skal halda í marzmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. marz 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist tveir nýir liðir, svo hljóðandi:
XVI. flokkur: Skip 12—30 rúmlestir, sem veiðar stunda með handfærum.
XVII. flokkur: Skip yfir 30 rúmlestir, sem veiðar stunda með handfærum.

2. gr.

Töluliðir 6, 7, 8, 9, 10, 14, 15, 25, 26, 30 og 34 í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
1. janúar—15. maí
1. september—31. desember